



Iðjupjálfafélag Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík
www.ii.is

Reykjavík 4. október 2021

Efni: Umsögn Iðjupjálfafélags Íslands vegna máls nr. 173/2021: Verðmætatamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.

Iðjupjálfafélag Íslands (IPÍ) fagnar skýrslu starfshópsins og þakkar tækifærið til að veita umsögn. Iðjupjálfar eru ein af 35 heilbrigðisstéttum með lögverndað starfssvið á Íslandi. Til þess að verða iðjupjálfi þarf viðkomandi að ljúka 180 ECTS eininga BSc gráðu auk starfsréttindanáms, sem er 60 ECTS eininga diplóma á meistarastigi frá Háskólanum á Akureyri eða öðrum viðurkenndum háskóla. Þessu til viðbótar þarf starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Iðjupjálfar eru fagstétt þar sem konur eru í miklum meirihluta eða 98% samkvæmt félagatali IPÍ. Þannig er þetta líka víðast hvar á Norðurlöndum en í mörgum Evrópulöndum sem og vestan hafs er kynjahlutfallið jafnara.

Launasetning iðjupjálfa á opinberum íslenskum vinnumarkaði er með því lægsta sem gerist meðal félagsfólks aðildarféлага BHM í samanburði við fagstéttir með sambærilega menntun hvað lengd og umfang varðar. Á þetta hefur verið bent árum saman með málefnalegum rökstuðningi en lítið sem ekkert þokast. Þess ber einnig að geta að mjög mikil eftirspurn er eftir iðjupjálfum, víða á stofnunum tekst ekki að manna stöður og starfsmannavelta er mikil. Markaðslögmálið um framboð og eftirspurn hefur ekki skilað sér í launaumslag iðjupjálfa gegnum tíðina.

Það er ljóst að þegar kemur að launasetningu kvennastarfa þá vega viðhorfin þungt, vísindin renna stoðum undir það. Kynskiptur vinnumarkaður skýrir kynbundinn launamun. Það virðist inngróið í menningu okkar og daglega hugsun að virði hefðbundinna kvennastarfa sé minna en karlastarfa. Þetta er oft ómeðvitað og skekkir alla heildarmynd jafnvel þótt hlutlægt starfsmat liggja til grundvallar launasetningu eins og hjá sveitarfélögum. Þekkt er að menningarbundin viðhorf geta haft afgerandi áhrif á hvaða og hvernig breytur eru notaðar í matskerfum og hætt er við bjögum í grunnhönnun þeirra. Nefna má að þegar tilteknir þættir í starfsmati eru útskýrðir með dæmum þá eru þau oft heldur karllæg og fanga því hugsanlega ekki þætti sem einkenna kvennastörf.

Í skýrslunni eru sett fram góð rök fyrir því að nota jafnvirðisnálgun við mat á því hvort ólík störf séu jafn verðmæt. Við fögnum þessari aðferðafræði enda er hún byggð á nýjustu þekkingu, hefðbundin nálgun hefur ekki skilað þeim árangri sem við viljum. Við fögnum einnig þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni um næstu skref og að nú þegar hafi verið stofnaður aðgerðahópur stjórnvalda. Taka þarf markviss skref í þá átt að rýna nákvæmlega í það hvernig kvennastörf eru metin í samfélaginu og grípa til aðgerða sem leiðrétta vanmat. Verkfærin eru til staðar.

Fyrirliggjandi skýrsla er vönduð og góð byrjun á þessu gríðarlega mikilvæga baráttumáli sem launajafnrétti er. Iðjupjálfafélag Íslands hvetur aðgerðahóp stjórnvalda til dáða og við erum reiðubúin til samráðs og þátttöku í vinnunni framundan. Við áskiljum okkur rétt til að koma með athugasemdir og viðbætur við þessa umsögn á síðari stigum teljum við þörf á því.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Iðjupjálfafélags Íslands
Þóra Leósdóttir, formaður, thoraleo@bhm.is